

Örmerktir öreigar í auðjöfralandi Snjalllandamæri

Ég hef áður lýst yfir aðdáun minni á bandaríska blaðamanninum, Whitney Webb. Hún er vandvirk, óljúgfróð og skilmerkileg. Hæfileiki hennar til greiningar og samþættingar, áamt afburða heildarsýn, er einstakur.

Whitney vann það afrek að skrifa bókina, „Fjárkúgaða þjóð“ (One Nation under Blackmail) um áhrif auðvalda og (annarra) glæpamanna á stjórn bandarísku „Samfylkingarinnar“ eða „Einingarflokksins“ (uniparty). Þar má í sjálfu sér einu gilda hvor ræður ríkjum, Lýðræðisflokkurinn (Demókratar) eða Lýðveldisflokkurinn (Repúblíkanar). Auðjöfrarnir stjórna. Flestir gera nú út frá Silicon Valley, þegar þeir ráða ekki ráðum sínum í Davos á fundum Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum). Við hné þeirra hafa numið að minnsta kosti þrjár forsetaframbjóðendur á Íslandi; Katrín og Höllurnar tvær.

Auðjöfrarnir eru hinir raunverulegu stjórnendur Vesturlanda. Alheimsefnahagsráðið og Sameinuðu þjóðirnar eru eins konar framkvæmdaaðiljar fyrir áætlun þeirra, sem m.a. birtist í sjálfbærnimarkmiðunum 2030, sem íslenska ríkisstjórnin stefnir svo markvisst að.

Alheimsefnahagsráðið vill fækka fólki umtalsvert með ýmsum ráðum, herða snjalleftirlit, innleiða bankastýrða rafmynt, hirða eignir almennings og loka inn í stundarfjórðungsborgum eða -hverfum. Þar á það að leggja sér til munns pöddur og jafnvel hvert annað til að hlífa náttúrunni.

Hér er sérstaklega fjallað um menningarhrunið og eyðingu þjóðríkjanna. Þau skulu skiljanlega víkja. Í staðinn kemur eins konar „Alheimssambandsríki“ auðfélaga. Eins og sagði er Alheimsefnahagsráðið eins konar framkvæmdastjórn. G7 ríkin hafa opinberlega falið Ráðinu þetta hlutverk.

Sótt er að þjóðmenningunni innan frá og utan. Eyðilegging menntunar, gilda og kyns, svo og úlfúð milli kynjanna, eru dæmi um aðsókn innan frá. Dæmi um aðsókn utan frá er framsal fullveldis til alþjóðastofnanna, veirufár og hömlulaus innflutningur flóttamanna, sem sömu aðiljar „framleiða“ með stríðum sínum allt um kring.

Hérna beina Whitney og viðmælandi hennar, Jimmy Dore, sérstaklega sjónum að ástandinu í Bandaríkjunum. Í því sambandi er komið inn á umræðuna um „snjalllandamærin“ eða „snjallvegginn“ (smart wall).

Snjalllandamærin fela í sér skráningu lífauðkenna, þ.e. upplýsingar um séreinkenni hvers og eins, sem felld verða inn í eins konar snjallvegabréf með öðrum upplýsingum eins og um heilsufar, bólusetningar og fleira. Örmerkingar manna, þ.e. gagnaflögu skotið í arm, eru þegar hafnar á Vesturlöndum.

Snjallvegabréfið eða skilríkin eru í undirbúningi á vegum einstakra ríkisstjórna og Evrópusambandsins. Alþjóðalögreglan, Interpol, mun hafa yfirumsjón með vegabréfinu. Bjarni Benediktsson segir þetta í þágu fólksins eins og Jón Gunnarsson og ríkislögrelustjóri afbrotavarnirnar (pre-crime). Eftirlitsríkið styrkist stöðugt í sessi.

Tækninni fleygir fram. Gervigreindin er þegar prófuð m.a. í stríðinu á Gaza, sem er eins konar rannsóknarstofa eftirlitsauðjöfranna. Ísraelar eiga nána samvinnu við Silicon Valley. Á Gaza miðar tæknin út fórnarlömb sprengjuheimsókna. Á landamærum skal hún miða út óæskilega einstaklinga.

<https://rumble.com/v4up4xi-100-digital-wef-orders-govts-to-outlaw-cash-for-non-licensed-individuals.html>

<https://www.youtube.com/watch?v=rVuc-NlZyls>